Bæjarráð Blönduósbæjar

**_100. Fundur bæjarráðs Blönduósbæjar þriðjudaginn 19. mars 2014, kl. 16:00._**

**_Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum._**

---

## _Dagskrá:_

1. Fundargerðir:
   a) stjórnar Norðurár bs. frá 26. febrúar 2014
   b) Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. febrúar 2014
   c) Félags- og skólaþjónustu frá 24. febrúar 2014
   d) Rætur bs. frá 5. febrúar 2014
   e) Fundur undirbúningsstjórnar um nýtt byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks frá 29. janúar 2014
   f) Stjórnar SSNV frá 14. október 2013
   g) Stjórnar SSNV frá 17. október 2013
   h) Stjórnar SSNV frá 21. október 2013
   i) Stjórnar SSNV frá 6. nóvember 2013
   j) Stjórnar SSNV frá 21. nóvember 2013
   k) Stjórnar SSNV frá 5. desember 2013
   l) Stjórnar SSNV frá 16. desember 2013
   m) Stjórnar SSNV frá 13. janúar 2014
   n) Stjórnar SSNV frá 23. janúar 2014
2. Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga frá 19. febrúar 2014
3. Bréf frá UMFÍ frá 28. febrúar 2014
4. Bréf frá Sýslumanninum á Blönduósi
5. Bréf frá Náttúrustofu Norðurlands vestra
6. Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. 2014
7. Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga
8. Samningur um rekstur og afnot af reiðhöll
9. Erindi frá Sveini M. Sveinssyni
10. Erindi frá AA samtökin á Blönduósi
11. Önnur mál

---

## *Afgreiðslur:*

1. **Fundargerðir:**
    a) stjórnar Norðurár bs. frá 26. febrúar 2014
    *Fundargerðin lögð fram til kynningar*
    b) Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. febrúar 2014
    *Fundargerðin lögð fram til kynningar*
    c) Félags- og skólaþjónustu frá 24. febrúar 2014
    *Fundargerðin lögð fram til kynningar*
    d) Rætur bs. frá 5. febrúar 2014
    *Fundargerðin lögð fram til kynningar*
    e) Fundur undirbúningsstjórnar um nýtt byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks frá 29. janúar 2014
    *Fundargerðin lögð fram til kynningar*
    f) Stjórnar SSNV frá 14. október 2013
    *Fundargerðin lögð fram til kynningar*
    g) Stjórnar SSNV  frá 17. október 2013
    *Fundargerðin lögð fram til kynningar*
    h) Stjórnar SSNV frá 21. október 2013
    *Fundargerðin lögð fram til kynningar*
    i) Stjórnar SSNV frá 6. nóvember 2013
    *Fundargerðin lögð fram til kynningar*
    j) Stjórnar SSNV frá 21. nóvember 2013
    *Fundargerðin lögð fram til kynningar*
    k) Stjórnar SSNV frá 5. desember 2013
    *Fundargerðin lögð fram til kynningar*
    l) Stjórnar SSNV frá 16. desember 2013
    *Fundargerðin lögð fram til kynningar*
    m) Stjórnar SSNV frá 13. janúar 2014
    n) Stjórnar SSNV frá 23. janúar 2014
    *Fundargerðin lögð fram til kynningar*

2. **Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga frá 19. febrúar 2014**
   *Vegna yfirferðar eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga á útkomuspá 2013 og samanburði við áætlanir, óskaði nefndin þann 17. desember sl. eftir nánari upplýsingum um fjármál sveitarfélagsins.*

*EFS hefur yfirfarið svar sveitarfélagsins og er það niðurstaða nefndarinnar að óska ekki eftir frekari upplýsingum vegna fyrirspurnar þessarar.*

*Lagt fram til kynningar.*

3. **Bréf frá UMFÍ frá 28. febrúar 2014**

*Stjórn UMFÍ hefur ákveðið að auglýsa eftir umsóknum frá sambandsaðilum UMFÍ um að taka að sér undirbúning og framkvæmd 6. landsmóts UMFÍ 50+ árið 2016.*

*Landsmót UMFÍ 50+ verður haldið á Blönduósi 2015.*

*UMFÍ óskar eftir umsóknum frá sambandsaðilum og sveitarstjórnum um að taka að sér undirbúning og framkvæmd 20. Unglingalandsmóts UMFÍ sem haldið verður 2017.*

*Lagt fram til kynningar.*

4. **Bréf frá Sýslumanninum á Blönduósi**

*Sýslumaðurinn á Blönduósi óskar eftir umsögn Blönduósbæjar um umsókn Jónasar Skaftasonar, kt. 260241-7969, f.h. Ækis ehf. kt. 580900-2160, um leyfi til að reka veitingastað í flokki II, að Blöndubyggð 9, 540 Blönduósi.*
*Með vísan til 4. mgr. 1. tl. 10. gr. laga um veitingastaði, gistiheimili og skemmtanahald, þar sem sveitarstjórn er falið að veita umsögn um afgreiðslutíma og staðsetningu staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um, veitir bæjarráð jákvæða umsögn.*

5. **Bréf frá Náttúrustofu Norðurlands vestra**

*Að beiðni sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar var stjórn Náttúrustofu Norðurlands vestra falið að kanna áhuga sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra um að koma að starfsemi NNV.*
*NNV er án samnings við ríkið og því fer engin starfsemi fram á hennar vegum nú um stundir. Stjórn stofunnar hefur þó vilyrði frá umhverfisráðuneyti um að samningar verði teknir aftur upp á árinu 2014, ef sveitarfélög á svæðinu hafa áhuga á að koma að rekstri hennar.*
*Gert er ráð fyrir að heildarframlög sveitarfélaga yrði 4,65 m. kr. og gerir stjórn stofunnar að framlag myndi skiptast í hlutfalli við íbúafjölda.*
*Stjórn NNV óskar eftir fundi með þeim sveitarfélögum sem hafa áhuga á að koma að starfsemi nýrrar stofu til að ræða nánari tilhögun og koma að samningagerð við ríkið.*

*Bæjarstjóra falið að kanna málið frekar.*

6. **Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. 2014**

   *Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. vegna ársins 2013 verður haldinn fimmtudaginn 27. mars 2014.*

   *Bæjarstjóri er falið að tilnefna fulltrúa á fundinn.*

7. **Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga**

   *Lagt fram til kynningar.*

8. **Samningur um rekstur og afnot af reiðhöll**

   *Lagður er fram samningur um rekstur og afnot af reiðhöll.*
   *Bæjarráð samþykkir samninginn*

9. **Erindi frá Sveini M. Sveinssyni**

   *Óskað er eftir styrk vegna gömlu kirkjunnar í gamla bænum.*
   *Bæjarráð samþykkir styrkupphæð sem nemur fasteignagjöldum kirkjunnar.*

10. **Erindi frá AA samtökin á Blönduósi**

    *Óskað er eftir 40.000 kr. rekstrarstyrk vegna ársins 2014*
    *Bæjarráð samþykkir erindið.*

11. **Önnur mál**

    a) *Aðalfundur Veiðifélags Laxár á Ásum frá 15. mars 2014*
       *Lögð fram til kynningar.*
    b) *Ljósnet á Blönduósi*
       *Víða er nettenging ábótavant í sveitarfélaginu. Bæjarstjóra falið að senda bréf á hlutaaðeigandi aðila og óska eftir úrbótum.*
    c) *Tölvupóstur frá Laxasetrinu dags. 17. mars 2014*
       *Laxasetrið óskar eftir að fá úthlutað endurgjaldslaust Laxveiðileyfum Laxá í Skefilsstaðahreppi.*
       *Bæjarráð samþykkir erindið.*
    d) *Brettagarður á Blönduósi*
       *Lagðar fram teikningar af fyrirhuguðum brettagarði á Blönduósi sem áætlað er að verði settur upp í maí.*

*e) Fyrirhugaður samráðsfundur með innanríkisráðuneytinu vegna endurskoðunar á samgönguáætlun 2011-2022.*

*Bæjarstjóra og tæknideild falið að taka saman þau hagsmunamál sem snerta samgöngumál í sveitarfélaginu s. s göngubrú yfir Blöndu og lagfæringar á brúnni yfir Blöndu.*

*f) Fuglaskoðunarhús*

*Lokið hefur verið við smíði á fuglaskoðunarhúsi sem sett verður við ósa Blöndu. Fyrirhugað er að koma húsinu fyrir á Einarsnesi í maí.*

*Fundargerð upplesin og samþykkt.*

*Fundi slitið 18:20*

*Zophonías Ari Lárusson (sign.)*
*Kári Kárason (sign.)*
*Þórdís Hauksdóttir (sign.)*